

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 6. mars 2024

Fyrirlesari: Elín Hirst, fyrrv. fréttastjóri og Alþingismaður

Efni: „Afi minn stríðsfangin“

Mættir: 52 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund stundvíslega kl. 16 og reifaði fyrst stuttlega starfið framundan, ferðir í Kaldalón og til Skotlands og minnti á greiða félagsgjaldið. Hann minntist svo Svavars Haraldssonar, læknis. Síðan gaf hann fyrirlesara orðið. Elín Hirst hafði sama titil á erindinu og nýútkominni bók sinni, „Afi minn stríðsfanginn“. Hún vék fyrst að kápumynd bókarinnar, sem sýnir afa hennar, vélvirkja frá Kiel, ömmu hennar með sonum sínum tveimur og bréf frá afa hennar merkt fanganúmeri hans og límt aftur af ritskoðara. Í bakgrunni er fangelsisveggur með gaddavír. Söguna af fangavist afa síns á stríðsárum þekkti hún vel úr uppvexti sínum en hvað varð svo til þess að hún skrifaði bókina? Það var þegar Putin réðst inn í Úkraínu að hún fór að hugsa aftur um þessa sögu og vildi vita meira. Hún fékk bunka af skjölum á Þjóðskjalasafninu og þar birtist henni rosaleg saga sem hún vissi ekki um. Heimsstyrjöldin síðari náði til Íslands með hernámi Breta 10. maí 1940. Þá þegar handtóku Bretar sendiherra Þjóðverja, Gerlach, og fleiri Þjóðverja, en það var ekki fyrr en 5. júlí sem þeir atburðir urðu sem aldrei gleymast fjölskyldunni í Undralandi þegar breskir hermenn réðust inn á heimilið. Þar var amma Elínar með tvo unga syni en afi hennar var farinn til vinnu og var svo handtekinn þar. Atburðir þessa dags hafa gengið aftur alla ævi í martröðum bræðranna. Fangarnir voru fluttir á eyna Mön og voru þar öll stríðsárin. Elín hefur komið þangað og þarna var ekki farið illa með fanga. En fjarveran frá fjölskyldunni var að sjálfsögðu erfið og mörg hjónabönd þoldu þetta ekki. Við stríðslok áttu þau von á að föngunum yrði sleppt og því voru það gríðarleg vonbrigði þegar fangarnir voru fluttir í breskar fangabúðir á hernámssvæði Breta í Þýskalandi. Ástæðan var tregða íslenskra stjórnvalda sem vildu sannanir fyrir því að engin tengsl væru við nasista. Það var ekki fyrr en 1947 með nýrri ríkisstjórn sem mönnunum var leyft að koma til Íslands ef þeir gætu komið sér sjálfir, en þá var Þjóðverjum enn bannað yfirgefa Þýskaland. Og þá urðu loksins fagnaðarfundir í Undralandi sem stóð þar sem Lifthúsið er nú við Engjateig.

Að loknu erindi urðu líflegar umræður, enda allnokkrir sem þekktu eitthvað til og enn er mikið fjallað um þessa sögu. M.a. var minnst á fangaskipti, pyntingar Breta á stríðsföngum, framlag Gerlachs og bróður hans til læknisfræðinnar, sem lagði grunn að segulómun, og upplýst að njósnaþækin fundust á loftinu á Túngötunni árið 1956.

Fundi slitið kl. 16:55